

kröfu Ingibjargar Eggertsdóttur um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp úrskurð þennan:

Því úrskurðast:

Kröfu sóknaraðilja, Ingibjargar Eggertsdóttur, um opinber skipti á dánar- og félagsbúi Önnu Sigurðardóttur og eftirlifandi maka, Eggerts Ó. Sigurðssonar, er synjað.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. desember 1979.

Nr. 214/1979. Sigurgeir Sigurjónsson

gegn

Ásgeiri Bjarnasyni

Guðnýju Bjarnadóttur

Jóhannesi Bjarnasyni og

Jóni V. Bjarnasyni.

Kærumál. Málflutningslaun. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands um frávísun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973, skotið til Hæstaréttar úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. nóvember 1979 með kæru 19. nóvember 1979, sem Hæstarétti barst 3. desember 1979. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur, þó þannig, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands úr hendi varnaraðilja. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðilja hefur verið ítrekað í greinargerð, að þau telji heimilt að leita úrskurðar stjórnar Lögmannafélags Íslands um þóknun til sóknaraðilja eftir 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Er því haldið fram, að 104. gr., 3. mgr., laga nr. 85/1936 eigi hér ekki við. Þá er kröfum sóknaraðilja um málskostnað mótmælt og krafist kærumálskostnaðar úr hans hendi.

Með tilvísun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 7. nóvember 1979.

Með bréfi sóknaraðilja Jóhannesar Bjarnasonar, dags. 25. júní 1979, fer hann þess á leit við stjórn Lögmannafélags Íslands, að hún úrskurði um endurgjald málflytningsþóknunar í samræmi við 8. gr. laga nr. 61/1942 vegna landamerksamáls, sem varnaaðili tók að sér að flytja f. h. sóknaraðilja, Jóhannesar Bjarnasonar og systkina hans, fyrir landamerkjadómi Kjósarsýslu í málinu nr. 295/1975: Ásgeir Bjarnason o. fl. gegn Jóni M. Guðmundssyni.

Í máli þessu mætir sóknaraðili Jóhannes Bjarnason f. h. systkina sinna skv. umboði í fylgiskjali nr. 11 með réttarskjali nr. 1.

Í bréfi sóknaraðilja er reikningi varnaraðilja að fjárhæð um kr. 2.200.000 fyrir málflytning í áðurgreindu landamerkamáli efnislega mótmælt sem of háum. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram reikning varnaraðilja, en hefur hins vegar lýst tilurð hans náíð og skýrt frá mótmælum sínum við reikninginn, sem hann telur sig hafa komið á framfæri við varnaraðilja. Í bréfi sóknaraðilja er viðmiðunargrundvelli reiknings varnaraðilja alfarið mótmælt svo og ætluðu vinnuframlagi hans. Enn fremur gerir hann þær kröfur, að þóknun varnaraðilja fyrir störf hans miðist við verðlag og gjaldskrá á þeim tíma, er honum var falið málið, eða í síðasta lagi, þegar hann hafði lokið störfum, og þá miðað við eðlileg störf, eins og það er orðað. Sóknaraðili gerir ýmsar aðrar

athugasemdir í bréfi sínu um störf og framkomu varnaraðilja, sem talið er óþarfi að tíunda hér nánar.

Í munnlegum málflutningi þann 10. október sl. setti sóknaraðili fram málskostnaðarkröfu, og var henni ekki mótmælt af hálfu varnaraðilja sem of seint fram kominni.

Kærumál þetta var lagt fram á fundi stjórnar LMFÍ þann 27. júní sl. Ákveðið var þá að senda varnaraðilja ljósrit af bréfi sóknaraðilja ásamt gögnum og óska umsagnar hans um málið.

Með bréfi varnaraðilja, dags. 2. júlí í ár, sem lagt var fram á fundi stjórnar LMFÍ þann 11. júlí, var þess krafist, að málinu yrði vísað frá ex officio og kærendum yrði gert in solidum að greiða varnaraðilja málskostnað fyrir dómi.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því, að mál, sem fjalli um sama sakarefni, hafi verið þingfest fyrir bæjarþingi Reykjavíkur 7. júní sl., og beri því að vísa þessu máli frá í samræmi við 3. mgr. 104. gr. laga um meðferð einkamála nr. 85/1936. Máli sínu til stuðnings lagði varnaraðili fram staðfest ljósrit stefnu í bæjarþingsmálinu nr. 1360/1979: Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður gegn Ásgeiri Bjarnasyni o. fl., þar sem fram kemur, að mál það var þingfest 7. júní í ár. Í stefnu þessari gerir varnaraðili þær kröfur á hendur sóknaraðiljum þessa máls, að þeir verði dæmdir in solidum til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.035.900 fyrir málflutning og útlagðan kostnað í landamerkjamálinu nr. 295/1975.

Á fundi stjórnar LMFÍ þann 11. júlí sl. var ákveðið að fresta málinu til flutnings um frávísunarkröfu varnaraðilja til 12. september sl. Síðan var málinu frestað eftir ósk varnaraðilja til 10. október, og var málið þá tekið til munnlegs flutnings.

NÍÐURSTAÐA.

Ljóst er af gögnum málsins, að mál þetta fjallar um sama sakarefni og fyrrnefnt bæjarþingsmál nr. 1360/1979, enda hefur því ekki verið mótmælt af hálfu sóknaraðilja. Ljóst er einnig af framlögðum skjölum, að bæjarþingsmálið nr. 1360/1979 var þingfest þann 7. júní sl., en bréf sóknaraðilja barst stjórn LMFÍ ekki fyrr en 25. júní sl.

Í samræmi við 8. gr., 1. mgr., laga um málflytjendur nr. 61/1942 hefur stjórn LMFÍ úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflutningsstörf, sé það borið undir hana. Í þessum málum er því stjórn LMFÍ sérdómstóll, hliðstæður hinum almennu héraðsdómstólum. Sé hins vegar mál höfðað fyrir almennum héraðsdómi,

í þessu tilfelli bæjarþingi Reykjavíkur, til innheimtu málflutningsþóknunar, má reka það þar, án þess að sérdómstólsfyrirkomulagið í 8. gr. laga 61/1942 í sjálfu sér varði frávisun frá bæjarþinginu.

Af þessu leiðir, að sóknaraðili getur ekki rekið mál sitt fyrir stjórn LMFÍ vegna ákvæða 104. gr., 3. mgr., einkamálalaga nr. 85/1936, og ber því að vísa því frá.

Máli þessu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Úrskurð þennan kváðu upp aðalstjórnarmenn LMFÍ, Þorsteinn Júlíusson hæstaréttarlögmaður, Helgi V. Jónsson hæstaréttarlögmaður, Stefán Pálsson héraðsdómslögmaður, Skarphéðinn Þórisson héraðsdómslögmaður og varamaðurinn Ólafur Axelsson héraðsdómslögmaður.

Úrskurðarorð:

Málinu er vísað frá stjórn LMFÍ ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. desember 1979.

Nr. 4/1978. **Kristín Halldórsdóttir og**

Hilmir h/f

(Magnús Óskarsson hrl.)

gegn

Þresti Magnússyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Höfundaréttur. Málshöfðunarfrestur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 5. janúar 1978.